

Fjármála- og efnahagsráðherra
Hr. Bjarni Benediktsson
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2017.

Efni: Málefni Lífeyrissjóðs bankamanna og forsendubrestur uppgjors

Með lögum nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands var þessum ríkisbönkum breytt í hlutafélög. Síðar var ráðist í sölu eignarhluta ríkisins í báðum bönkum.

Í 11. gr. laganna er kveðið á um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Landsbanka Íslands gagnvart Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans,¹ sem verða til vegna starfsmanna ríkisviðskiptabankanna áður en rekstur þeirra var yfirtekinn af Landsbanka Íslands hf. og til staðar eru skv. reglugerð sjóðsins, ef ekki nást á einhverjum tíma samningar um aðra tilhögun. Sama gildi um lífeyrisskuldbindingar bankans aðrar en skuldbindingar gagnvart eftirlaunasjóðnum.

Frá upphafi stofnunar Lífeyrissjóðs bankamanna voru í reglugerðum sjóðsins ákvæði um ábyrgð aðildarfyrirtækja sjóðsins á skuldbindingum hans. Í tengslum við hlutafélagavæðingu Landsbankans og að frumkvæði bankans var gert samkomulag um breytingar á reglugerð sjóðsins og uppgjör ábyrgðar aðildarfyrirtækjanna.

Uppgjörið var miðað við tiltekna tryggingafræðilegar forsendur og átti að leiða til þess að eignir sjóðsins nægðu fyrir skuldbindingum hans.² Um var að ræða forsendur varðandi ávöxtun, launahækkanir, líftökualdur, nýtingu 95 ára reglu, dánarlíkur, örorkulíkur og giftingarlíkur.

Breytingar á reglugerð sjóðsins miðaði að því að iðgjaldaframlag launagreiðenda skyldi hækkað til að mæta framtíðarskuldbindingum lífeyrissjóðsins. Skyldi framlag launagreiðanda vera 14,4% og heildariðgjald því 18,4%.

Á árinu 2006 náðist samkomulag á milli lífeyrissjóðsins og aðildarfyrirtækja um tiltekna leiðréttingu varðandi forsendu um launahækkanir skv. ofangreindu samkomulagi.

Á síðustu árum hefur komið í ljós að forsendur samkomulagsins hafa brugðist. Hefur sjóðurinn þegar þurft að skerða réttindi í Hlutfallsdeild um tæp 10% vegna þessa forsendubrests.

¹ Nú Lífeyrissjóður bankamanna og verður hér eftir vísað til sjóðsins með því heiti.

² Tekið skal fram að við þessar breytingar á reglugerð sjóðsins var honum skipt í tvær aðskildar deildir, þ.e. hlutfallsdeild vegna þeirra sem hófu störf fyrir 1. janúar 1998 og hættir voru störfum og Aldursdeild vegna þeirra sem hófu störf eftir það (og sjóðfélaga sem það völdu innan tiltekins tímamarks). Hlutfallsdeildin er lokuð deild.

Lífeyrissjóður bankamanna hefur aflað matsgerðar um fjárhagslegt umfang forsendubrestsins. Í stuttu máli er niðurstaða matsgerðarinnar sú, að mismunur á uppgjöri á áföllnum skuldbindingum og vanáætluðu heildariðgjaldi til að mæta framtíðarskuldbindingum, að teknu tilliti til leiðaréttingar frá 2006, nemi tæplega 3,1 milljarði króna á verðlagi í lok árs 2015 m.v. verðlagsbreytingar, en hins vegar rúmlega 5,5 milljörðum á sama tíma m.v. breytingar á kaupgjaldi.

Að mati sjóðsins eru brostnar forsendur fyrir samkomulaginu, auk þess sem framkvæmd þess er ósanngjörn gagnvart sjóðfélögum og hefur leitt til lakari lífeyrisréttar en samkomulag aðila gerði ráð fyrir. Lífeyrissjóður bankamanna hyggst leitað réttar síns vegna þessa forsendubrests, en fyrir liggur að fjárhagslegir hagsmunir vegna starfsmanna Landsbankans eru lang mestir og síðan vegna starfsmanna Seðlabanka Íslands.

Lífeyrissjóður bankamanna telur rétt að vekja athygli fjármálaráðherra á stöðu málsins af þremur ástæðum.

Í fyrsta lagi vegna ábyrgðar á stjórnarframkvæmd, en Landsbankinn er nánast að öllu leyti í ríkiseigu og samkvæmt forsetaúrskurði nr. 84/2017 fer fjármála- og efnahagsráðneytið með eignir ríkisins þ.á m. Bankasýslu ríkisins. Jafnframt er rétt að benda á að Seðlabankinn er ríkisstofnun.

Í öðru lagi vegna þeirrar ábyrgðar sem ríkið tók á sig á lífeyrisskuldbindingum vegna Landsbankans, sbr. 11. gr. áðurnefndra laga nr. 50/1997. Skal í þessu sambandi vakin athygli á því að fyrir liggur fordæmi um að ríkissjóður ber ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum fyrrverandi bankastjóra Landsbankans og myndi skjóta skökku við ef annað ætti að gilda gagnvart almennum starfsmönnum.

Í þriðja lagi vegna þess að þau réttindi sjóðfélaga sem hér um ræðir eiga, að meginstefnu, rætur sínar að rekja til starfa þeirra í þágu stofnanna eða fyrirtækja í eigu íslenska ríkisins. Myndi skjóta skökku við ef íslenska ríkið léti sig engu varða hagsmuni þessara einstaklinga í ljósi fjárframlaga til lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna í samræmi við samkomulag íslenska ríkisins og BSRB, BHM og KÍ frá 19. september 2016.

Með vísan til framangreinds óskar stjórn lífeyrissjóðsins eftir afstöðu fjármálaráðherra til þess hvort hann vilji beita sér fyrir samkomulagi um leiðréttingu á framangreindum forsendubresti án þess að til málaferla komi. Óskað er svars eigi síðar en 8. janúar 2018.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar



Tryggvi Tryggvason
Framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi: Matsgerð Þóris Óskarssonar, tryggingastæðfræðings, dagsett 23. október 2017.

Afrit sent forsætisráðherra.